Nr. 1144 15. desember 2006

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, 3. áfangi Áslands.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. desember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að afmörkun íbúðarsvæðis í austurhlíðum Ásfjalls breytist og stækkar til suðurs og norðurs. Mun svæðið afmarkast af fyrirhugaðri legu Ofanbyggðarvegar að austanverðu en náttúruverndarsvæði Ásfjalls að vestanverðu og ná til norðurs á milli 1. áfanga Áslands og Kaldárselsvegar. Svæðið er um 18 ha.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 15. desember 2006.*

**Jónína Bjartmarz.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2007